

1. HLUTI: ÁÐUR EN BÓKINNI ER DREIFT

SPURNINGAR

Hvernig er Ísland?

Ísland er eyja í hafi. Mjög stór pappírsörk límd upp á vegg. Hún táknar hafið umhverfis Ísland. Ísland er eyja í þessu hafi. Hana má afmarka lauslega.

Hvað einkennir Ísland?

Nemendur búa til lista, gjarnan í hópum, yfir það sem einkennir náttúru og umhverfi á Íslandi. Er þessi listi tæmandi?

Farið út í vettvangsferð um nánasta umhverfi og það skoðað - hvað sjáum við? Nýjum atriðum bætt á listann.

Skoðaðar myndabækur um Ísland, dagatöl o.fl. Enn bætast atriði á listann.

Nemendur teikna og mála á lítil blöð þá þætti sem eru á listanum og klippa þá út og gera smámyndir. (Einnig má klippa myndir, t.d. landslagsmyndir, út úr gömlum myndablöðum eða dagatölum.) Þarna eru fjöll, jöklar, kjarri vaxið land, tré, vötn, eyjar, ár, klettar, fjörur, skriður, þúfur, steinar, plöntur, dýr, fólk, mannvirki og margt fleira. Ágætt er að margar ólíkar smámyndir séu um hvern þátt t.d. eru fjöll bæði mörg og margvísleg. Um leið er tækifærið notað til að ræða um ýmis hugtök til að skilja þau og muna.

Smámyndirnar eru límdar lauslega á landið á pappírsörkinni, t.d. með kennaratyggjói eða málningarlímbandi þannig að þær myndi landslagsmynd.

Hefur Ísland alltaf verið svona?

Nú er myndin á veggnum skoðuð - hefur Ísland alltaf verið svona? Hafa t.d. alltaf verið menn á Íslandi?

Þegar nemendur hafa áttað sig á að svo er ekki er myndin aftur skoðuð? Eru menn á henni? Er eitthvað á henni sem menn hafa gert, t.d. hús, vegir o.fl. Allar slíkar smámyndir eru teknar af veggmyndinni og geymdar til betri tíma.

Þegar náttúran ein er eftir á veggmyndinni er aftur spurt:

Var þá Ísland alltaf svona? Ætli Ísland hafi alltaf verið til?

Þegar ljóst er að svo er ekki er myndun Íslands útskýrð. Þá er gott að grípa til sögu Surtseyjar og sýna myndbönd og myndir af henni.

Þá er myndin á veggnum aftur skoðuð:

Var Ísland svona þegar það var alveg nýtt?

Nú eru plöntur og dýr fjarlægð og geymd til betri tíma og eftir stendur klettaeyja með landslagi og vatni. Svona gæti Ísland hafa verið þegar það var nýmyndað.

2. HLUTI: BÓKINN, KOMDU OG SKOÐAÐU LANDNÁMIÐ, DREIFT OG HÚN LESIN AÐ HLUTA

Blaðsíður 2–9 í bókinni eru lesnar og farið yfir efni þeirra. Að því loknu er gott að láta nemendur ígrunda efnið enn frekar. Það má t.d. gera á eftirfarandi hátt:

Nemendum skipt í hópa.

Hverjum hópi er úthlutað nokkrum línnum eða lykilorði úr bókinni. Hópurinn á svo að lesa sér betur til um það sem fjallað er um á línunum hans eða kynna sér betur hvað lykilorðið þýðir og fyrir hvað það stendur. Upplýsinga má leita víðs vegar, í þessum kennsluleiðbeiningum og vef, í bókum, á Netinu, í vettvangsferðum, með samtölum við fólk og víðar.

Á þessum blaðsíðum bókarinnar er fjallað um mikið efni og þungt og mikilvægt að kennarar skipti því á milli hópa þannig að hver nemandi fái verkefni við hæfi.

Þegar hóparnir hafa kynnt sér sín atriði er aftur farið yfir bókina. Um leið greinir hver hópur frá sínum niðurstöðum.

Nú er aftur farið að líma smámyndir á veggmyndina. Hægt er að nota einhverjar af þeim myndum sem áður höfðu verið teknar í burtu en einnig er líklegt að krakkarnir vilji búa til nýjar myndir í samræmi við þær upplýsingar sem þeir hafa aflað sér í kennslubókinni og víðar.

Nú ætti veggmyndin að sýna eyju með landslagi, miklum gróðri og dýralífi og fjörur með miklum reka-
viði. Þar ætti hvorki að vera neitt manngert fyrirbæri né dýr sem menn hafa flutt til landsins, þar væru því ekki byggingar eða önnur mannvirki, ekki tún, ekki barrtré, hreindýr, minkar, mýs eða rottur. Þannig ætti myndin nú að gefa til kynna hvernig landið leit hugsanlega út þegar fólk kom til landsins.

3. HLUTI: LANDNÁM FÓLKS

Blaðsíður 10–23 í bókinni lesnar og fjallað um efnið og það dýpkað sbr. lýsingu með hverri opnu.

Mikilvægt er að kennari bendi á að hér séu aðeins örfá dæmi um landnámsmenn, þeir hafi vitanlega verið mikið fleiri. Nemendur velta fyrir sér hverjir voru landnámsmenn í þeirra heimabyggð og hvernig það land var sem þeir komu að.

Nemendur velja sér persónu, þekkta eða alveg tilbúna, og búa til dúkkulísu (klippimynd sbr. söguaðferð).

Hver nemandi skráir upplýsingar um sína persónu s.s. nafn aldur, heimili, starf, hvaðan hann/hún kom, áhugamál ...

Nokkrir nemendur mynda fjölskyldu úr dúkkulísunum sínum og vinna með þær áfram.

Dæmi um verkefni:

Að velja stað fyrir bæ sinn og byggja hann, að afla matar, að búa til föt og fleiri dagleg störf.

Hver hópur fær afmarkaðan stað (nemur land) á „Íslandi” á veggmyndinni og setur inn á hana ýmislegt sem fylgdi landnámi fólks.

Sérstakur viðburður

Hvaða viðburðir voru helstir á landnámsöld. Umræður, skráning.

Dæmi: blót, skemmtanir, siglingar, bardagar, fundahöld (Alþingi), ...

Nemendur koma sér saman um viðburð sem allir (allar persónurnar) taka þátt í að undirbúa og framkvæma. Þar er hægt að semja eða finna hentugar vísur eða söngva, semja ræður, hafa leikræna tjáningu, glímu, skautuferð o.fl. o.fl.

Bók um glímu gefin út af Námsgagnastofnun: *Glíma – þjóðaríþrótt Íslendinga*. 2002.

4. HLUTI: NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ

24. og 25. blaðsíður bókarinnar lesnar og efnið rætt.

Hvað hefur breyst síðan á landnámsöld?

Hvernig breytingar ætli að verði á næstu 100 árum? Næstu 1000 árum?

Getum við haft áhrif á hvaða breytingar verða?

Hvernig getum við það?

Hvaða breytingar vildum við sjá?

Nemendur sameinast um að breyta Íslandi á veggmyndinni eins og þeir vildu hafa það eða hver nemandi býr til sína sérstöku mynd með sínu framtíðar Íslandi.